

Stjórn SORPU bs.

Reykjavík 28. október 2019

v / stækkun móttökustöðvar – framvinda

Verktaki (ALEFLI ehf. sem valin var eftir útbod) hóf framkvæmdir þann 22.maí. Jarðvinnu er að mestu lokið, fyrir utan yfirborðsfrágang. Sögun á skástífum er lokið. Lokið var við að steypa sökkla júlí og búið var að steypa um 95% af veggjum. Búið er að steypa 890 m³ af áætluðu heildarsteypumagni sem verður um 1110 m³. Heildar framvinda verks í lok september var miðað við áætlaða stöðu og verkmagn 58%. Framkvæmdir hafa gengið vel og er gert ráð fyrir að lokið verði við að loka byggingu í nóvember. Búið er að greiða reikninga fyrir september.

Botnplatan var steypd í september og var hún 220 m³. Nú þegar er kominn fram magnaukningu vegna jarðvinnu sem nemur um 10 miljónum kr. og fyrirséð er að kostnaðarauki verði vegna magnaukningar í bendistáli uppá 2 miljónir kr. og vegna breytinga á innkeyrslu hurðum sem munu kosta 2,5 til 3,5 miljónir. Viðbót í malbikun uppá um 1,5 millj. kr. og stoðveggur sem var ekki inni í upphaflegum magntölum uppá um 2,5 millj. kr hefur einnig bæst við. Ekki eru fyrirsjáanleg frekari magnaukningar á öðrum magnliðum eða stórar breytingar á umfangi verks og gert er ráð fyrir að þekktar magnaukningar rúmist innan kostnaðaráætlunar. Heildarkostnaður verks er áætlaður um 390 miljónir króna án vsk en þar af eru um 10% ófyrirséður kostnaður.

Útlagt vegna verkefnisins er sem hér segir:

Mánuður	Útgjöld, m. kr.
Frá áramótu til lok apríl	31,0
Maí	4,5
Júní	41,5
Júlí	46
Ágúst	45
September	65,3
SAMTALS	233,3

Ofangreindur áfallin útgjöld eru vegna hönnunar, útbods, eftirlits og framkvæmda við byggingu.

Virðingarfyllst,


Björn H. Halldórsson
framkvæmdastjóri